

Reglur Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar

Sem stofnanafjárfestar berum við skyldu til að gæta sem best hagsmuna umbjóðenda okkar til langs tíma litið. Sem gæslumenn fjármuna álitum við að *umhverfisleg* og *félagsleg* málefni og *stjórnarhættir* fyrirtækja (UFS) geti haft áhrif á fjárfestingarárangur verðbréfasafna, þó í misjöfnum mæli eftir fyrirtækjum, atvinnugreinum, landssvæðum, eignaflokkum og fjárfestingatímabilum. Við teljum einnig að betur megi samræma hagsmunum fjárfesta og markmið þjóðfélagsins í víðara samhengi með því að beita þessum reglum. Því skuldbindum við okkur til að fylgja eftirfarandi reglum þar sem þær samræmast ábyrgð okkar sem gæslumenn fjármuna:

1. Við munum taka tillit til UFS málefna við mat á fjárfestingakostum og í ákvörðunarferli.

Hugsanlegar aðgerðir:

- Taka á UFS málefnum í yfirlýsingum er varða fjárfestingastefnu.
- Styðja þróun tækja, mælinga og greiningastarfs í tengslum við UFS.
- Meta hæfni eignastýringaraðila innan sjóðs til að taka tillit til UFS málefna.
- Meta hæfni fjárvörsluaðila utan sjóðs til að taka tillit til UFS málefna.
- Fara þess á leit við aðila er þjóna fjárfestum (s.s. verðbréfasala, rannsóknarstofur, matsfyrirtæki lánshæfis og þá sem fást við fjárhagsgreiningu og -ráðgjöf) að þeir taki tillit til UFS málefna við þróun rannsókna og greiningastarfs.
- Hvetja til akademískra og annara rannsókna á UFS málefnum.
- Hvetja til UFS þjálfunar hjá fagfólki á sviði eignastýringar.

2. Við munum vera virkir eigendur hlutabréfa og innleiða UFS málefni í eigendastefnu okkar og aðferðum.

Hugsanlegar aðgerðir:

- Þróa opinbera og virka eigendastefnu í samræmi við reglurnar.
- Neyta atkvæðisréttar eða hafa eftirlit með því að farið sé að reglum um atkvæðagreiðslu sé eignavarsla falin aðilum utan sjóðs.
- Þróa hæfni til afskipta sem gæslumenn fjármuna innan sjóðs eða utan.
- Taka þátt í þróun stefnumörkunar, reglugerða og viðmiðunarreglna s.s. í eflingu og gæslu hluthafaréttar.
- Leggja fram tillögur á hluthafafundum í samræmi við markmið UFS til langs tíma litið.
- Hafa samskipti við fyrirtæki um UFS málefni.
- Taka þátt í samvinnuátaki hluthafa um UFS málefni.
- Fara þess á leit við eignastýringaraðila að þeir undirgangist afskipti er varða UFS málefni og geri grein fyrir slíkum afskiptum.

3. Við munum sækjast eftir viðeigandi upplýsingum um UFS málefni hjá þeim fyrirtækjum sem við fjárfestum í.

Hugsanlegar aðgerðir:

- Biðja um staðlaða upplýsingagjöf um UFS málefni (og þá með tækjum á borð við 'Global Reporting Initiative').
- Óska eftir að gerð sé grein fyrir UFS málefnum í ársskýrslum fyrirtækja. Leita upplýsinga hjá fyrirtækjum, hvernig þau tileinki sér viðkomandi venjur, staðla, siðareglur eða eigi hlut að alþjóðlegum átaksverkefnum (eins og t.d. 'Global Compact' SP).
- Styðja frumkvæði og fundarsamþykktir hluthafa sem auka upplýsingagjöf um UFS málefni hjá fyrirtækjum.

4. Við munum stuðla að því að þessar reglur SP verði viðurkenndar og þeim framfylgt í fjárfestingastarfsemi.

Hugsanlegar aðgerðir:

- Innleiða kröfur er varða UFS þegar tillögur koma fram um nýja fjárvörsluaðila.
- Samhæfa fjárfestingarumboð, eftirlitsferli, árangursviðmið og afkastahvetjandi fyrirkomulag og þá t.d. með því að tryggja að aðferðir við eignastýringu endurspegli langtímamarkmið þegar slíkt á við.
- Kynna aðilum er þjóna fjárfestum væntingar varðandi UFS.
- Endurskoða samskipti við þá þjónustuaðila sem ekki uppfylla UFS væntingar.
- Stuðla að þróun handhægra viðmiða um áfanga í UFS aðlögun.
- Styðja breytingar í reglugerðum eða stefnumótun sem greiða fyrir framgangi reglnanna.

5. Við munum starfa saman til að auka hæfni okkar til að framfylgja reglunum.

Hugsanlegar aðgerðir:

- Styðja og eiga hlut að samskipta- og upplýsinganeti til að samnýta tæki og fjármuni og nýta upplýsingagjöf fyrirtækja sem þekkingargrunn.
- Takast sameiginlega á við mál sem upp koma hverju sinni.
- Þróa og efla viðeigandi samráðsfrumkvæði.

6. Við munum öll gera grein fyrir störfum okkar og framgangi við að koma reglunum í framkvæmd.

Hugsanlegar aðgerðir:

- Upplýsa hvernig UFS málefni eru samþætt fjárfestingastarfsemi.
- Gera grein fyrir athöfnum okkar sem virkra fjárfesta (s.s. við atkvæðagreiðslu, afskipti, og/eða stefnumótun).
- Gera grein fyrir kröfum okkar til þjónustuaðila um hvað reglurnar fjalla.
- Gera umbjóðendum okkar grein fyrir UFS málefnum og viðkomandi reglum.

- Gefa skýrslu um framgang eða árangur í tengslum við reglurnar og skal þá miðast við skýringarskyldu sé ekki farið að reglunum.¹
- Leitast við að meta áhrif reglnanna.
- Notast við skýrslur um UFS málefni til að efla vitund þeirra sem hagsmuna eiga að gæta.

Alþjóðlegur hópur stofnanafjárfesta mótaði reglur þessar um ábyrgar fjárfestingar og endurspeglar framtakið aukið vægi umhverfislegra og félagslegra málefna og stjórnarháttá hlutafélaga í fjárfestingastarfsemi. Aðalritari SP efndi til umrædds ferlis.

Með undirritun reglnanna skuldbindum við okkur opinberlega sem fjárfestar, til að samþykkja reglurnar og framfylgja þeim þar sem þær samræmast ábyrgð okkar sem fjárvörsluaðila. Við skuldbindum okkur enn fremur til að meta árangur og bæta efni reglnanna þegar fram líða stundir. Við teljum að þetta muni bæta getu okkar til að uppfylla skyldur gagnvart umbjóðendum okkar og að samhæfa fjárfestingarstarfsemi okkar almennum þjóðfélagslegum hagsmunum.

Við hvetjum aðra fjárfesta til gerast aðilar að reglunum.

Þýtt að tilstuðlan Landssamtaka lífeyrissjóða í október 2006.

¹ Aðilum er gert að gefa skýrslu um hvernig þeir framfylgja reglunum eða útskýra að öðrum kosti að hvaða leyti þeim sé ekki fylgt.

Algengar spurningar

Hvað er heildarmarkmiðið með verkefninu um *reglur* varðandi *ábyrgar fjárfestingar* (RÁF)?

Með reglum um ábyrgar fjárfestingar er ætlunin að fá stofnanafjárfesta til að huga frekar að *umhverfislegum* og *félagslegum* málefnum og *stjórnarháttum* fyrir-tækja (UFS) við ákvörðunartöku í fjárfestingum og meðferð eigna og bæta með því arðsemi umbjóðenda til langs tíma litið.

Hvers vegna þurfum við á reglunum að halda?

Stofnanafjárfestum er skylt að gæta sem best hagsmuna og eigna umbjóðenda sem þeir eru ábyrgir fyrir. Þessi skylda felur í sér að stofnanafjárfestar hugi vandlega að öllum þáttum sem áhrif hafa á árangur og þar á meðal UFS málefnum.

Þrátt fyrir mikilvæga vinnu á þessu sviði undanfarin ár á meðal fjármagnseigenda og eignastýringaraðila skortir umgjörð fyrir stofnanafjárfesta til að innleiða kerfisbundið UFS málefni í ákvörðunartöku við fjárfestingar og aðferðir eigenda. RÁF skapar slíka umgjörð.

Hverjir hafa þróað reglurnar um ábyrgar fjárfestingar?

Reglurnar voru þróaðar hjá hópi fagfólks á sviði eignastýringar sem starfaði saman í umboði 20 stórra stofnanafjárfesta frá tólf löndum að frumkvæði aðalritara SP, Kofi Annan. Naut hópurinn stuðnings 70 sérfræðinga úr röðum ýmissa hagsmunaaðila í fjárfestingastarfsemi, fjölríkja- og ríkisstofnunum, háskólum og hjá félagasamtökum.

'United Nations Environment Programme Finance Initiative' ('UNEP FI') og 'Global Compact' SP samræmdu umrætt ferli.

Hvernig mun framkvæmd reglnanna hafa áhrif á arðsemi?

Framkvæmd reglnanna mun auka skilning á ýmsum grundvallarmálefnum og ætti á endanum að bæta arðsemi og minnka áhættu. Aðilar að reglunum munu eiga hlut að samskiptaneti sem skapar tækifæri til að samnýta fjármuni og lækka þar með kostnað vegna rannsókna og virkrar eigendaábyrgðar. Reglurnar gera fjárfestum einnig kleift að vinna saman að lausn kerfislaegra vandamála og skapa þannig almennt stöðugri, ábyrgari og arðbærari markaðsaðstæður.

Hvernig varða reglurnar fjárvörsluskyldur?

Reglurnar eru byggðar á þeim rökum að UFS málefni geti haft áhrif á árangur fjárfestinga og þar sem viðeigandi tillit til þeirra sé þáttur í því starfi að skila betri arðsemi, miðað við áhættu, sé slíkt vissulega hluti af fjárvörsluskyldum fjárfesta.

Í reglunum er skýrt tekið fram að þeim skuli aðeins fylgt þar sem þær samræmast slíkum skyldum.

Hvernig tengjast þessar reglur félagslega ábyrgum fjárfestingum (FÁF)?

Reglurnar eru mótaðar með það fyrir augum að þær séu samrýmanlegar fjárfestingaraðferðum stórra áhættudreifðra stofnanafjárfesta sem starfa eftir hefðbundnum fjárgæsluleiðum. Reglurnar ná til allrar fjárfestingastarfsemi og eru ekki mótaðar eingöngu með tilliti til reglna um FÁF. Reglurnar benda þó á ýmsar nálgunarleiðir — s.s. virka eigendaábyrgð og samræmingu UFS málefna og fjárfestingagreiningar — sem beitt er við FÁF og hjá sjóðstjórum ýmissa fyrirtækja.

Boða reglurnar útilokun tiltekinna fyrirtækja eða atvinnugreina?

Nei. Reglurnar leggja til að afskipti af fyrirtækjum verði stefnumál fremur en að hlutabréf verði útilokuð á grundvelli UFS mælikvarða (þótt slík útilokun kunni að henta sumum fjárfestum). Reglurnar eru almennt mótaðar fyrir stóra og mjög áhættudreifða fjárfesta sem hafa mikinn eignarhlut í fyrirtækjum þannig að oft er óhagkvæmt fyrir þá að forðast tiltekin fyrirtæki eða atvinnugreinar eða selja eignarhlut.

Hvaða þýðingu hefur þetta með tilliti til vinnuferils fjárfestinga?

Til að reglurnar virki fyrir stofnanafjárfesta þurfa þeir að hvetja til breytinga á því hvernig umboðsmenn þeirra samhæfa störf sín og UFS málefni. Reglur 1 og 4 fela í sér nokkrar tillögur um hvernig þetta skal gert. Einnig er líklegt að þeir sem fást við eignastýringu, greiningu og ráðgjöf bregðist við reglunum með afurðum og þjónustu sem stuðli að framkvæmd reglnanna.

Hvernig mun RÁF nýtast fjárfestum við dagleg störf?

RÁF veitir fjárfestum fyrirtaks umgjörð til að samhæfa UFS málefni og fjárfestingarákvarðanir. Meðan aðilar að reglunum þróa stefnumál og aðferðir sem leiða til slíkrar samhæfingar mun framkvæmdastjórn RÁF vera þeim innan handar og aðstoða þá við að koma reglunum í framkvæmd.

RÁF mun ennfremur örva betri rannsóknir á áhrifum þessara málefna á fjárfestingar og mun það leiða til meira úrvals á afurðum og þjónustu fyrir fjárfesta.

Hver er ávinningur aðildar að reglunum?

Ávinningur aðildar felst meðal annars í:

- Sameiginlegri umgjörð til að innleiða UFS málefni.
- Aðstoð framkvæmdastjórnar RÁF við framkvæmd reglnanna, en stjórnin mun meðal annars veita aðilum leiðbeinandi gögn og auðveldla vinnuhópum að kanna sameiginleg áhugamál.

- Aðgangi að fyrirmyndum um vandaða starfsemi hjá alþjóðlegum kerfum á jafningjagrundvelli (sumir helstu stofnanafjárfestar á heimsvísu eru þar á meðal)
- Tækifærum til samvinnu með öðrum aðilum að reglunum sem mun minnka kostnað við rannsóknir og framkvæmd reglnanna.
- Bættu orðspori sem fylgir því að sýna opinberlega skuldbindingu á æðstu stjórnunarstigum til að innleiða UFS málefni.

Hverjir geta gerst aðilar að reglunum?

Aðilar falla í þrjá meginflokka. Búist er við skuldbindingum frá æðstu stjórn stofnunar á öllum sviðum fjárfestingastarfsemi.

Eigendur: Stofnanir á vegum endanlegra eigenda sem gæta lífeyrissparnaðar til langs tíma litið, trygginga eða annarra eigna. Sem dæmi má nefna lífeyrissjóði, varasjóði hins opinbera, styrktarsjóði, trygginga- og endurtryggingafyrirtæki og innlánsstofnanir. Þetta er helsti flokkur aðila að reglunum.

Sjóðstjórar: Eignastýringarfyrirtæki sem vinna á stofnunar- eða smásmöllumarkaði og stýra eignum sem þriðji aðili.

Aðilar velja sjálfir hvaða flokki þeir tilheyra, en stjórnarnefnd RÁF áskilur sér rétt til að aðlaga flokkunina ef þurfa þykir. Flokkunin á ekki að vera alltof nákvæm, en það er almenn regla að fjárfestir teljist eigandi fremur en eignastýringaraðili stýri hann eigin eignum fremur en annarra.

Hreinir þjónustuaðilar: Stofnanir sem bjóða eigendum og/eða eignastýringaraðilum afurðir eða þjónustu. Þótt slíkir þjónustuaðilar séu ekki sjálfir umsjónarmenn eða stjórnendur eigna hafa þeir umtalsverð áhrif á hvernig viðskiptavinir þeirra bregðast við UFS málefnum. Aðild slíkra stofnana þýðir að þau viðurkenni mikilvægi UFS málefna við eignastýringu. Aðild þeirra sýnir ennfremur skuldbindingu til að bjóða fram þjónustu sem stuðli að framkvæmd reglnanna á meðal viðskiptavina og að slík þjónusta verði bætt er fram líða stundir.

Getum við gerst aðilar einungis vegna FÁF sjóða okkar eða aðferða í samræmi við UFS?

Nei. Markmiðið er að reglurnar verði sambættar ríkjandi fjárfestingaháttum og aðferðum eigenda á öllum sviðum fjárfestingastarfsemi hjá stofnun í heild sinni. Þær ná ekki aðeins til ákveðinna eignaflokka eða framleiðsluviða og gildir þetta um alla aðildarflokka. Reglurnar eru mótaðar til að skuldbinda æðstu stjórnendur á öllum sviðum fjárfestingastarfssemi. Viðurkennt er að ferlið kunnir að taka langan tíma, en á heildina litið telja aðilar að reglunum að heildstæð skuldbinding stofnana sé mikilvæg fyrir ríkjandi stefnur.

Felur aðild í sér fjárhagslegar skuldbindingar?

Aðild að reglunum fylgir engin krafa um gjald. Aftur á móti er lagt til að aðilar leggi af mörkum (þó algerlega frjálst framlag) á bilinu \$5,000-10,000 til að auðvelda framkvæmdastjórn að styðja aðila og framkvæmd reglnanna.

Hvaða úrræði þarf til að framfylgja reglunum?

Fjárfestar munu kjósa að framfylgja reglunum á ólíkan hátt, og ákvarðanir í þeim efnum munu hafa áhrif á nauðsynleg framlög. Stofnanir ættu a.m.k. að sjá fyrir nægilegum vinnustundum starfsfólks til að afla hæfilegs skilnings á þeirri framkvæmd sem reglurnar leggja til að stofnanir tileinki sér, rannsaka hvernig aðrir fjárfestar hafa beitt reglunum, og hefja framkvæmdaferlið.

Hvað gerist ef við verðum aðilar en getum ekki farið að reglunum?

Reglunum fylgja engar lagalegar eða reglubundnar refsingar. Þær eru mótaðar með það fyrir augum að aðilar fylgi þeim sjálfviljugir og fyrir metnaðarsakir. Þeir sem gerast aðilar að reglunum en framfylgja þeim ekki kunna að bíða álitshnekki, en skuldbindingar eru yfirleitt álitnar sem vinnuferill og stefnumótun fremur en gátlisti eða fyrirmæli. Til að byrja með mun helst stefnt að nýbreytni, samstarfi og að lært verði af reynslunni. Er framtakið þróast með tímanum mun stjórnarnefndin kanna hvernig aðilar hafa eftirlit með framkvæmdinni og greina frá árangri.

Hver stjórnar verkefninu um reglur varðandi ábyrgar fjárfestingar?


Reglunum verður stýrt af stjórn sem samanstendur að mestu leyti af eigendum og verða þeir kosnir úr flokki þeirra eigenda sem gerast aðilar að reglunum. SP munu hafa fulltrúa og fleiri rúmast í stjórn eftir þörfum og vera skipaðir af stjórninni.

Hvaða áhrif munu reglurnar hafa á heiminn?

Reglurnar eru mótaðar til að efla arðsemi umbjóðenda til langs tíma litið, en framkvæmd þeirra mun einnig miða að frekari áherslu á UFS málefni á öllum sviðum fjárfestinga og atvinnulífsins. Efnt verður til nýrra rannsókna og betri mælikvarðar þróaðir til að styðja fjárfesta á meðan þeir verða virkari eigendur. Ef stjórnir fyrirtækja eru hvattar til þess að tileinka sér markvissari aðgerðir er þær fást við UFS málefni, mun áhugi þeirra fyrir þessum fjárhagslegu áhættu- og umbunarþáttum aukast og skýra arðsemi fyrirtækja til skemmri og lengri tíma litið. Reglur um ábyrgar fjárfestingar munu með þessu móti stuðla að bættum árangri fyrirtækja hvað varðar umhverfisleg og félagsleg málefni og stjórnarhætti fyrirtækja.

Frekari upplýsingar

- Reglur um ábyrgar fjárfestingar
- Aðilar að reglunum



An initiative of UNEP Finance Initiative and the UN Global Compact

Signatories to the Principles for Responsible Investment

There are three main categories of signatory:

- [Asset owners](#)
- [Investment managers](#)
- [Professional service partners](#)

Commitment is expected from the top-level leadership of the organisation across the whole investment business.

For more information on these categories, read the ***Frequently asked question***, "[Who can sign?](#)".

Learn more about how to [become a signatory](#).

Asset owner signatories

Total assets held: Greater than USD 2 trillion

Institution	Country
ABP	Netherlands
AP2	Sweden
AP3	Sweden
ATP - The Danish Labour Market Supplementary Pension	Denmark
BBC Pension Trust Limited	United Kingdom
Bedrijfstakpensioenfondsv Metalektro (PME)	Netherlands
BT Pension Scheme	UK
Caisse de dépôt et placement du Québec	Canada
Caisse des dépôts et consignations (CDC)	France
CalPERS	USA
Canada Pension Plan Investment Board	Canada
Catholic Superannuation Fund	Australia
Christian Super	Australia
CIA (Caisse de Prévoyance du Canton de Genève)	Switzerland
Comité syndical national de retraite Bâtirente	Canada

Connecticut Retirement Plans and Trust Funds (CRPTF)	USA
Dexia Insurance Services	Belgium
Environment Agency Active Pension Fund	UK
Etablissement du Régime Additionnel de la Fonction Publique	France
Folksam	Sweden
Fonds de réserve pour les retraites (FRR)	France
General Board of Pension and Health Benefits of the United Methodist Church	USA
Government Employees Pension Fund	South Africa
Government Pension Fund	Thailand
KfW Bankengruppe	Germany
Kikkoman Corporation Pension Scheme	Japan
Lifeyrissjodur Verzlunarmanna (Pension Fund of Commerce)	Iceland
Mennonite Mutual Aid (MMA)	USA
Munich Reinsurance Company	Germany
Nathan Cummings Foundation	USA
National Pensions Reserve Fund of Ireland	Ireland
New York City Employees Retirement System (NYCERS)	USA
New York State and Local Retirement System	USA
New Zealand Superannuation Fund	New Zealand
Norwegian Government Pension Fund	Norway
PGGM	Netherlands
PREVI	Brazil
Standard Life	UK
Storebrand	Norway
Teachers' Retirement System of the City of New York	USA
United Nations Joint Staff Pension Fund (UNJSPF)	International
Universities Superannuation Scheme (USS)	UK
VicSuper	Australia

Investment manager signatories

Total assets managed: Greater than USD 3 trillion

Institution	Country
ABN AMRO Asset Management	Netherlands
Advantage Asset Managers (Pty) Limited	South Africa
Alcyone Finance	France
Amalgamated Bank	USA
Astra Investimentos	Brazil
Australian Ethical Investment Ltd.	Australia

Banco	Sweden
Bank Sarasin & Co. Ltd	Switzerland
BC Investment Management Corporation	Canada
BNP Paribas Asset Management	France
Calvert Group	USA
Carlson Investment Management	Sweden
Crédit Agricole Asset Management Group	France
Daiwa Asset Management Co. Ltd	Japan
Dexia Asset Management	Belgium
DnB NOR Asset Management AB	Norway
Domini	USA
Dr. Höller Vermögensverwaltung und Anlageberatung AG	Switzerland
F&C Asset Management	UK
First Affirmative Financial Network, LLC	USA
Frater Asset Management	South Africa
Generation Investment Management LLP	UK
Groupama Asset Management	France
Henderson Global Investors	<u>PRI services</u> UK
Hermes Pensions Management	UK
HSBC Group Investment Businesses	UK
Inhance Investment Management	Canada
Insight Investment	UK
Krull & Company	USA
Living Planet Fund Company	Belgium
Macif Gestion	France
Marc J Lane Investment Management Inc.	USA
Mitsubishi UFJ Trust and Banking Corporation	Japan
Mitsui Asset Trust and Banking Co. Ltd. (MATB)	Japan
Mizuho Trust and Banking Co. Ltd	Japan
Morley Fund Management	UK
Nissay Asset Management	Japan
Portfolio Partners Limited	Australia
Progressive Asset Management	USA
Reynders McVeigh Capital Management	USA
Sompo Japan	Japan
SNS Asset Management	Netherlands
Sumitomo Trust	Japan
The Ethical Funds Company	Canada
Threadneedle Asset Management Ltd	United Kingdom
Triloka Global Advisors	USA

PRI services

Professional service partners

* To add your 'PRI services' link, please send the web address of the page on your website outlining the specific PRI-related services you have on offer.

NB. Linking to PRI services of signatories in no way indicates endorsement of these services by the UN or any other signatories.

Institution	Country
ASSET4	<u>PRI services</u> Switzerland
Australian Council of Super Investors (ACSI)	<u>PRI services</u> Australia
Bolsa de Valores de Guayaquil (Guayaquil Stock Exchange)	Ecuador
Care Group AG	Switzerland
e-fundresearch.com Data GmbH	Austria
Ethical Investment Research Services (EIRIS) Ltd	UK
Empowerdex (Pty) Ltd	South Africa
Ethix	Sweden
Fifth Capital Group	<u>PRI services</u> UK
FTSE	UK
GES Investment Services	<u>PRI services</u> Sweden
GovernanceMetrics International	USA
Innovest Strategic Value Advisors	Global
INVERA Investment Ethics Research & Advisory AG	Switzerland
IW Financial	<u>PRI services</u> USA
KLD Research & Analytics, Inc.	USA
Mercer Investment Consulting	Global
Monash Sustainability Enterprises	Australia
oekom research AG	Germany
onValues Ltd.	<u>PRI services</u> Switzerland
RepuTex Group	<u>PRI services</u> Australia
SiRi Company, Sustainable Investment Research International Ltd	Switzerland
Shareholder Association for Research and Education (SHARE)	<u>PRI services</u> Canada
Trucost	UK
Vigeo	France